

VERKEFNI UM RÁÐNINGARMÁL OG RÉTTINDI

Hópur 1

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Sigurður sonur Jónu skólastjóra er með með leyfisbréf og 20 ára kennslureynslu. Getur Jóna ráðið hann? Hvaða atriði ber að hafa í huga?
3. Ingi er að fara á lífeyri næsta skólaár og spyr hvort hann geti kennt áfram.

Hópur 2

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Kristín er að fara í árs námsleyfi. Jóna skólastjóri auglýsti eftir kennara til að leysa hana af. Þuríður sem hefur verið ráðin tvö ár í röð með tímabundna ráðningu þar sem hún var að leysa af tvo kennara sækir um stöðuna. Fyrra árið leysti hún Þormóð af þar sem hann var í námsleyfi og síðara árið leysti hún Freydísi af sem var í barnseignarfrí.

Sigrún, 25 ára nýútskrifaður kennari sækir um stöðuna. Bæði Þuríður og Sigrún uppfylla hæfisskilyrðin en Þuríður er metin hæfari.

Jóna á erfitt með að láta enda ná saman í rekstri skólans. Jóna veit að Þuríður fengi töluvert hærra laun en Sigrún. Það væri því hagkvæmara að ráða Sigrúnu en Þuríði. Jóna veit líka að Þuríði hefur verið illt í bakinu undanfarið og óttast að hún sé að fá brjóska. Jóna óttast að ef hún ráði Þuríði þá séu töluvert meiri líkur á að hún verði fjarverandi frá vinnu en Sigrún, sem er barnlaus og í topp líkamlegu formi.

- a. Getur Jóna gert annan tímabundin ráðningarsamning við Þuríði? Ef ekki, getur hún samt ráðið Þuríði?
 - b. Getur Jóna ráðið Sigrúnu með vísan til þess að líklegt sé að Þuríður verði veik í næstu framtíð og að það kosti skólann meira að ráða Þuríði?
3. Guðmundur hefur fullnýtt veikindarétt sinn og er einnig að verða búinn að fullnýta sjúkradagpeningarétt sinn hjá KÍ en er ekki orðinn heill heilsu. Hvaða valkosti hefur hann í stöðunni?

VERKEFNI UM RÁÐNINGARMÁL OG RÉTTINDI

Hópur 3

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Jóhannes er orðinn 65 ára og hafði látið af störfum tveimur árum fyrr til að ferðast um heiminn og er byrjaður að fá lífeyrisgreiðslur. Þegar hann kom úr heimsreisunni hafði hann samband við Jónu skólastjóra í apríl og bauð henni starfskrafta sína við kennslu í 40% starf. Jóna varð mjög ánægð enda er Jóhannes afbragðsgóður kennari og símtalinu lauk með þeim orðum að hann væri ráðinn til starfa á næstu önn. Í lok júlí kom í ljós að þó nokkur fækkun var á nemendum. Þann 2. ágúst hringdi Jóna í Jóhannes og lét hann vita að ekki væri lengur þörf fyrir starfskrafta hans þá önn. Var kominn á bindandi ráðningarsamningur? Hver er uppsagnarfresturinn? Eru einhverjir annmarkar á ráðningunni?
3. Helga sem var framhaldsskólakennari lést nýlega og eiginmaður hennar spyr hvernig fari með launagreiðslur látins starfsmanns og hvort þær falli strax niður?

Hópur 4

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Jóna er að skrifa bréf til umsækjenda til að láta þá vita hver var ráðinn. Hvaða efnisatriði þurfa að koma fram í bréfinu?
3. Víðir skólastjóri hefur beðið Lilju um að taka að sér yfirvinnu þrátt fyrir að hún sé í hlutaveikindum. Getur hann gert það?

Hópur 5

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Kennarar í skóla X hafa ákveðið að halda fund um stjórnunarhætti skólastjórans. Þeir biðja trúnaðarmann um að hafa samband við einn af kennurum skólans um að hann mæti ekki á fundinn vegna tengsla hans við stjórnendur skólans. Hvernig á trúnaðarmaðurinn að bregðast við?
3. Einar er 65 ára og við hestaheilsu og hann vill gjarnan halda áfram í föstu starfi svo lengi sem unnt er. Hvað má hann vera lengi í fullu starfi?

VERKEFNI UM RÁÐNINGARMÁL OG RÉTTINDI

Hópur 6

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Anna kennari leitaði til trúnaðarmanns því hún telur að einn af kennurum skólans leggi sig í einelti. Hvað getur trúnaðarmaður leiðbeint henni að gera?
3. Ragnheiður er á leið í fæðingarorlof og áætlaður fæðingardagur er 15. ágúst en ráðningarsamningur hennar rennur út áður en barnið á að fæðast. Skiptir þetta máli?

Hópur 7

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Jóna skólastjóri boðaði Lárus kennara á sinn á fund án þess að taka fram fundarefnið. Á fundinum veitti hún honum áminningu út af samskiptaerfiðleikum Lárusar við samstarfsfólk skólans. Lárus hafði ekki hugmynd um að eitthvað væri að samskiptum sínum við samstarfsfólk sitt í skólanum. Er eitthvað óeðlilegt við áminningarferlið?
3. Arnar hefur óskað eftir að skipta fæðingarorlofi sínu niður á þrjú tímabil en skólastjórinn getur ekki fallist á þá tilhögun. Hvaða rétt á Arnar að fá að taka fæðingaorlof sitt?

Hópur 8

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Jóhannes skólastjóri kom að máli við Helga kennara 31. maí 2015 og tilkynnti þá ákvörðun að Helga væri sagt upp störfum í kjölfar þess að hann hefði ekki bætt samskipti sín í kjölfar áminningar. Jóhannes sagði Helga að taka föggur sínar og að hann þyrfti ekki að vinna út uppsagnarfrest. Helgi fékk ekki skriflegt uppsagnarbréf. Helgi er 37 ára gamall. Er eitthvað athugavert við hvernig staðið er að uppsögninni? Hvernig ber að fara með ótekið orlof á uppsagnarfresti?
3. Páll er á leið í fæðingarorlof 15. mars en hefur ekki haft jafn mikla yfirvinnu á vorönninni og allt síðasta ár og hefur verið að velta fyrir sér hvaða áhrif það hafi á greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði í fæðingarorlofi?

VERKEFNI UM RÁÐNINGARMÁL OG RÉTTINDI

Hópur 9

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Jensínu var sagt upp störfum vegna skipulagsbreytinga. Karl skólastjóri boðaði hana á fund og tilkynnti henni ákvörðunina munnlega og sagði henni að hún skyldi hætta tafarlaust og vegna fjárhagsstöðu skólans þá fengi hún bara greidd laun til mánaðarmóta. Hvað er bogið við þetta?
3. Andrea er að hætta störfum á miðju skólaári en hefur áunnið sé orlof af þeirri kennslu sem komin er. Á hún rétt á uppgjöri á orlofi við starfslok eða þarf hún að bíða til sumars eftir uppgjörinu?

Hópur 10

1. Jóhann kennari er að fara í fæðingarorlof í eitt ár. Jóna skólastjóri þarf að ráða afleysingu fyrir hann. Þarf Jóna að auglýsa stöðuna? Ber Jónu að upplýsa trúnaðarmann um fyrirhugaðar breytingar og um ráðninguna?
2. Birkir sem var veikur í allt sumar undrast að hann eigi ekki 3 mánuði inni vegna veikinda í orlofi og veltir fyrir sér af hverju starfsmaður þarf að vera veikur í meira en mánuð áður en hann getur átt inni sumarorlofsdaga?
3. Fjóla er í fullu starfi og hefur mikla yfirvinnu að auki. Læknir hefur nú ráðlagt henni að minnka tímabundið við sig í 50% af starfi og Fjóla veltir fyrir sér hvað hún komi til með að vinna mikið og hvað verði um yfirvinnuna.
4. Þegar líða tók að sumarorlofstíma fór Fjóla að velta fyrir sér hvort hún gæti verið veik að hluta í sumarleyfi?